

LÁVARÐUR BÚDDHA HEFUR SAGT

að við megum ekki trúa því sem sagt er aðeins vegna þess að svo er sagt; né arfsögnum vegna þess að við höfum þær úr fortíðinni; né orðrómi sem slíkum; né skrifum spekinga af því spekingar skrifuðu svo; né hugdettum sem við höldum að engill hafi blásið okkur í brjóst (það er að segja því sem við teljum andlegan innblástur); né hugmyndum sem við fáum frá tilviljanakenndum ályktunum sem við kunnum að hafa dregið; né vegna þess sem virðist nauðsynlegt af hliðstæðum; né því sem byggist aðeins á áhrifavaldi kennara okkar eða meistara. En við eigum að trúa þegar ritverkið, kenningin eða ummælin eru studd af okkar eigin skynsemi og vitund. „Þess vegna,“ segir hann að lokum, „kenndi ég ykkur að trúa ekki vegna þess eins að þið hafið heyrt, heldur þegar og ef þið trúið samkvæmt ykkar innri vitund, að bregðast þá kröftuglega við í samræmi við það.“

(Secret Doctrine, III. Bindi, bls. 401)